

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**  
Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

262. tbl - 6. árg.

20. júlí 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR  
- bak hjarl í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Hraðskreiður farþegabátur

Eigendur fjöruhússins á Hellnum í Snæfellsbæ þau hjóninn Kristján Gunnlaugsson og Sigríður Einarsdóttir, hafa fest kaupá á farþegabát af gerðinni Artic blue. Er báturinn harðbotna og innfluttur frá Noregi. Báturinn sem hefur hlotið nafnið Tanja er 8,7 m langur og breidd 2,7 m, vélin er 350 hestafla Cummings og er ganghraði bátsins um 50 sjómílar á klukkustund. Að sögn Kristjáns fer báturinn mjög vel



með farþega, en alls er rými fyrir 7 farþega og stends báturinn


allur öryggiskröfur siglingamálastofnunar. Sagði

Kristján að þetta væri fyrsti báturinn af þessari tegund á Ísland sem er skráður sem farþegabátur.

Báturinn verður notaður í útsýnisferðir í kring um Hellnar og Arnarstapa en þar má finna helstu náttúruperlur landsins. Á þessu svæði er mjög fjölbreytt fuglalíf og klettabelti strandarinnar stórbrotið, jafvel má fara hvalaskoðunarferðir en hvalurinn er oft nærri landi við Hellnar og Arnarstapa.

**Þín verslun**  
Nýr kjóttibóð hefst á fimstaðögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.  
Fjöldi annars tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.  
**Verslunin Kassinn ehf.**  
Nobelsvangs 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1336 fax 436-1346  
www.verslunin.kassinn.is

**Landsbanki Íslands**  
**Landsbankamótaröðin**  
Landsbankamótaröðin, mót nr. 4 verður í dag.  
Ræst verður út frá kl. 17:30 - 18:30  
  
Mótanefnd

**30 - 70%**  
*afsláttur af skólatöskum*  
Verslunin Hrund  
Ólafsbraut 55  
Sími: 436 1165  


## Fékk lúðu á línuna

Magnús Emanúelsson er að róa á Gunnari afa SH frá Ólafsvík og fékk þessa lúðu á

línuna hjá sér. Lúðan var vigtuð þegar í land var komið og vó hún þá 105 kg.



# Berserkur 2006

Mánudaginn 24. júlí n.k. fer sveppurinn í loftið. Götur, torg og önnur bæjarprýði verða hvergi óhult fyrir sköpunarkrafti ungra listamanna. Ef þú hefur áhuga á að virkja unga ferska orku taktu þá upp tólið og hringdu núna í síma 891-7802 (Þóra Magga) eða 6909601 (Sonja).

Smiðjurnar eru ætlaðar ungmönnum á aldrinum 16-25 ára ('81-'90).

Eftirfarandi smiðjur eru í boði:

Art Craft og götuleikhús - taktu þátt í áhættuatriðum, leikmyndahönnun, stultugangi, að spúa eldi og magnaðri sýningu.

Stuttmyndagerð - kynnstu heimi stuttmyndagerðar, gerðu stuttmynd og fylgstu með tókum við gerð stuttmynda.

Ljósmyndasmiðja - taktu myndir af tröllum, vættum,

mannlífi og dýralífi á nesinu. Fáðu hjálp við að læra á vélina þína og skyggstu bakvið linsuna. Vertu með í ljósmyndamaráðunum þar sem vegleg verðlaun verða í boði.

Hljómsveita- og tónlistarsmiðja - rokk og ról á fullum krafti sem og órafmagnað. Upptökur í Protocols og frumsamið efni gefið út á disk. Órafmagnaðir tónleikar á fimmtudagskvöldi og Berserkjarokk á laugardeginum.

Skartgripagerð - sköpunargleðin í fyrirrúmi. Glingraðu þig upp fyrir hátíðarhelgina. Hluti af afrakstri smiðjunnar verður til sölu laugardaginn 29.júlí.

Vertu BERSERKUR og daðraðu við listagjöfuna.

Upplýsingar um listahátíðina veita Þóra Margrét og Sonja Karen.



## Opið golfmót

Stórmót Hraðfrystihús HELLISSANDS HF í golfi verður laugardaginn 22. júlí á Fróðárveili.

Fyrirkomulag mótsins er "Höggleikar með og án förgjafar" í opnum flokki og er hámarks leikföngjóf karla 24 og kverna er 28.

Veiti verða verðlaun fyrir fjögur efstu sætin í hvorum flokki. (Ath. eingöngu er hægt að vinna til verðlauna í öðrum flokkum) Auk þess verða mánudagsverðlaun á 8. braut, 2. höggjó á 9. braut og 2. höggjó á 6. braut. Einngir verða veiti verðlaun fyrir lengsta teighöggjó á 2. braut.

Ræst verður út frá 08:30 og er skráning á [www.golf.is/gio](http://www.golf.is/gio)

Mótgjald kr. 3.500,-

Nánari upplýsingar í síma: 822-2283 (Þórunn)

Mótanefnd.



## ATVINNA Í BOÐI

Hótel Edda Hellissandi óskar eftir starfsfólki til almennra hótélstarfa þ.m.t. í þrif, þvottahús o.fl.

Upplýsingar gefur Haraldur á staðnum eða í síma 444-4940

**KÆLIVER EHF**  
Haflíði Sævaldsson GSM: 893-1906  
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310  
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

## Grillað í Bylgjunni



Síðastliðinn föstudag ákváðu stjórnendur Fiskiðjunnar Bylgju að verðlauna starfsfólkið fyrir dugnað í vetur og sumar með grillveislu. Fjölskyldum starfsfólks var boðið auk þess

sem nokkrir vegfarendur ákváðu að kíkja við.

Veislan tókst vel og er það mat manna að Leifur hafi tekið sig vel út með grilltangirnar.



Höfum opnað vöruafgreiðslu inni í portu gamla frystihússins

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.

Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

# ENDURVINNSLAN !!

Að gefnu tilefni er bent á að afgreiðsla Endurvinnslunar í Ólafsvík er aðeins opin á mánudögum kl. 9 - 16

**RAGNAR & ÁSGEIR EHF.**

STYKKISHÓLMI - GRUNDFIRÐI - SNÆFELLSBÆ



## ÓPIÐ HÚS

Hvar ætlar þú að vera laugardaginn 29. júlí næstkomandi???

Ég og fjölskyldan mín ætlum að vera í félagsheimilinu Klifi að fagna 60 ára afmæli mínu.

Vonandi sérð þú þér líka fært að mæta og fagna með okkur. Vertu með okkur, það verður rífanði stemming!!!

Gjafir eru vinsamlegast afpakkaðar en baukur verður á staðnum til styrktar Björgunarsveitanna í Snæfellsbæ.

Bestu kveðjur  
Magnús Snorrason

# Skógur opnaður

Laugardaginn 15. júlí sl. var Tröð á Hellissandi, svæði Skógræktar- og landverndarfélagans undir Jökli, opnað formlega undir merkjum „Opins skógar“ skógræktarfélaganna með hátíðlegri athöfn.

Veðurguðirnir voru ekki blíðir þennan dag, það var rigning og rok og nánast ágjöf, en enn sönnuðu sig skjóláhrif trjáanna svo athöfnin var hin ánægjulegasta og á annað hundrað manns mættu í Tröðina og undu sér ágætlega.

Skúli Alexandersson, formaður Skógræktar- og landverndarfélagans undir Jökli, setti hátíðina. Jóhann Hjálmarsson skáld las ljóð. Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Íslands og Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar fluttu ávörp. Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjóvá-Fjármögnunar hf. flutti ávarp en fyrirtæki



Magnús Gunnarsson, fr.kv.stj. Sjóvá-Fjármögnunar, Skúli Alexandersson, form. Skógræktar- og landverndarfélag undir Jökli og Magnús K. Guðfinnsson Sjávarútvegsráðherra.

hans og Pokasjóður voru styrktaraðilar þessa átaks í Tröðinni.

Grétar Jónsson, sonur Kristjóns Jónssonar sem hóf skógrækt í Tröðinni, tók til máls og sagði m.a. að faðir hans hefði verið góður og gegn íhaldsmaður alla tíð en þó aldrei sótt-

st eftir þeim auði sem veraldlegur kallast, með einni undantekningu. Hann hefði verið vakinn og sofinn í því að þefa uppi skít um allar grundir í nágrenninu og ásælst hann í Tröðina!

Einar K. Guðfinnsson, sjávar-

útvegsráðherra, opnaði „Opinn skóg“ í Tröð á Hellissandi með táknaðum hætti. Hann flutti fyrst ávarp og sagði að einhverjir vina hans hefðu furðað sig á að sjávarútvegsráðherra væri að opna skóg og hefðu spurt sig hvort að þetta væri þaraskógur! En nálægð Traðarinnar við þetta fornfræga sjávarpláss, Hellissand, og ágjöfin þennan dag hlytu að sanna réttmæti þess að hann fengi þann heiður að opna skóginn í Tröðinni. Að svo húnu opnaði hann „Opinn skóg“ í Tröð með því að gróðursetja fallega hlynplöntu og fóst honum það verk vel úr hendi.

Þá var gengið um Tröðina og aðstaðan og skógurinn skoðaður. Boðið var upp á léttar veitingar í lokin og allir fóru ánægðir heim.

## Vígsluafmæli Grundarfjarðarkirkju

Sunnudaginn 30. júlí verður haldið upp á 40 ára vígsluafmæli Grundarfjarðarkirkju með hátíðarmessu í Grundarfjarðarkirkju. Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, mun hefja vísitásiu sína í Snæfellsness- og Dalaprófastdæmi með því að prédika af þessu tilefni en sr. Elínborg Sturludóttir, sóknarprestur Setbergsprestakalls, mun þjóna fyrir altari. Fyrirver-

andi sóknarprestar munu aðstoða við þjónustuna. Að guðsþjónustu lokinni verður boðið til kaffisamsætis. Í tilefni af vígsluafmæli kirkjunnar verður jafnframt opnuð sýning í Sögumiðstöðinni, sem byggir á „gestabók“ Guðbjarts Jónssonar, byggingarmeistara kirkjunnar, en hann hélt til haga myndum og dagbókarbrotum frá þeim tíma er kirkjan var í byggingu.

## Málverkasýning í Líkn



Björg Guðmundsdóttir myndlistamaður hélt myndlistasýningu í Líkn á Hellissandi um síðustu helgi í til-

efni af Sandaraglóðinni. Þetta var önnur einkasýning Bjargar en hún útskrifaðist af myndlistabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti árið 2002. Árið 2003 hóf hún nám við Listaháskólann í Reykjavík á hönnunar- og arkitektabraut og útskrifaðist þaðan í maí 2006 með B.A. próf í fatahönnun. Að auki hefur Björg stundað nám í Myndlistaskólanum í Kópavogi og Myndlistaskólanum í Reykjavík.

# Sandaragleðin 2006

Eftir frábæra helgi eru íbúar á Hellissandi og Rifi glaðir og kátir. Sandaragleðin 2006 tókst í alla staði frábærlega, þrátt fyrir að veðrið væri ekki upp á sitt besta.

Gleðin hófst á föstudagskvöldið með Slysó-súpu á smíðaverkstæðinu hans Smára í Keflavíkinni. Slysavarnardeildin Helga Bárðardóttir breytti verkstæðinu í fyrirmyndar veitingarstað og bauð þar upp á Naglasúpu og Önglasúpu.

Bæjarbúar og gestir þeirra nýttu sér gott boð og var þétt setinn bekkurinn langt fram á nótt. Sandaragleðin var svo sett formlega kl. 20.30 með vígslu nýs sögu og upplýsingaskiltis um Keflavíkurlendinguna, Framfarafélag Snæfellsbæjar, -Hellissands og Rífsdeild stóðu fyrir gerð þess. Guðbjartur Þorvarðarson vígði skiltið en hann réri úr vörinni þar til hætt var að nota hana. Vegna veðurútlits var síðan skemmtana-haldið flutt inn í verkstæði og skemmti fólk sér þar langt fram á nótt en þar var líka óvænt myndlistarsýning



hjá Jökli Herbertssyni. Í Röstinni var haldin hæfileikakeppni og krakka og unglingsball

Laugardags dagskráin hófst með helgistund í Ingjaldshólskirkju. Kynning á væntanlegri Vatnsátöppunarverskmiðju í Rifi og gönguferð á Búrfell. Markaðir voru haldnir á laugardegnum í Röst ásamt kaffisölu Kvenfélags Hellissands. Í Röstinni voru einnig óvæntar uppá-

komur hjá Götuleikhúsinu, danshópur Kristnýjar Rósar og Berglindar sýndi dans og Þjóðgarðurinn var með lista-smiðju fyrir yngri börnin. Í Tröð Var opnaður „Opinn skógur“ var þar margt um manninn þrátt fyrir rigningu. Sjávarútvegsráðherra Einar Guðfinnsson og fleiri fluttu ávörp, þar var sungið og í lokin voru veitingar í boði Sjóva/Fjarmögnunnar.

Þrír listamenn voru með

málverkasýningar á laugardegnum, Áslaug Sigvaldadóttir, Björg Guðmundsdóttir og Valgerður Hauksdóttir.

Götugrillin hófust svo að vanda um kvöldmatarleiðið. Íbúarnir létu veðrið ekki hafa áhrif á sig þar frekar en fyrir, Grillað var inni mörgum bílskúrum og Rífsarnir grilluðu í Sjávariðjunni í Rifi. Mikið fjör var í þessum grillveislum eins og venjulega. Ball í Röst hófst síðan á miðnætti. Hljómsveitin Bít sá um fjörið -og það var ekkert lítið fjör. Svo mikil aðsókn var að biðröð myndaðist í lengri tíma fyrir utan Röstina. Það má því með sanni segja að Sandarar og Rífsarar séu glaðir og kátir eftir helgina. Þeir skemmtu sér í alla staði frábærlega með frændum og vinum. Að endingu vill undirbúningnefndin þakka öllum þeim sem veittu okkur aðstoð fyrir og á Sandaragleðinni. Hittumst heil á Sandaragleði 2008



**Fiskiðjan Bylgja hf**

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Nefn. bylgja@bylgja.is



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness

**fasteignsnae.is**

er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrú hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199